

GHT C

Matches Saturday

TOTAL RANK

17		Austria
18		Wales
19		Poland
20		Czechia

FINAL ORDER OF MERIT

1		England
2		Spain
3		Germany
4		Switzerland
5		Sweden
6		Denmark
7		Norway
8		Finland
9		Scotland
10		Italy
		Slovenia
		France
		Netherlands

EGA
European Golf Association



ÁRSSKÝRSLA 2016

GOLFKLÚBBURINN ODDUR
SÍMI: 565 9092 - oddur@oddur.is
www.oddur.is



Efnisyfirlit

- 4. Skýrsla stjórnar
- 5. Úrslit Meistaramóts GO 2016
- 6. Skýrsla formanns GO
- 14. Ársreikningur GO 2016
- 25. Oddsferð til Belfry
- 28. Skýrsla kvennanefndar
- 30. Skýrsla aganefndar
- 32. Skýrsla vallarstjóra
- 36. Skýrsla mótanefndar
- 38. Evrópumót kvennalandslíða á Urriðavelli 2016
- 40. Tölfræði GO 2016
- 41. Skýrsla afreksnefndar



Ársskýrsla GO 2016

Útgefandi: Golfklúbburinn Oddur

Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Þorsteinsson

Umbrot: Jón Júlíus Karlsson

Ljósmyndir: Helga Björnsdóttir, Baldur Hólmsteinsson, Jón Júlíus Karlsson o.fl.

Prentun: Svansprent

Forsíðumynd tók Ingi Þór Hermannsson af sigurlíði Englands eftir EM 2016 á Urriðavelli.



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2016

Á síðasta aðalfundi sem fram fór 8. desember 2015 í golfskálanum á Urriðavelli voru eftirfarandi kosnir í stjórn:

Ingi Þór Hermannsson formaður til eins árs, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Einar Geir Jónsson og Svavar Geir Svavarsson stjórnarmenn til tveggja ára og Þorvaldur Ólafsson kjörinn varamaður til eins árs. Í stjórninni sat áfram Guðmundína Ragnarsdóttir.



Guðjón Steinarsson fór holu í höggi í sumar.

Stjórn Odds starfsárið 2015-2016 var því þannig skipuð:

Ingi Þór Hermannsson:	formaður
Guðmundína Ragnarsdóttir	varaformaður
Ágústa Arna Grétarsdóttir	ritari
Einar Geir Jónsson	gjaldkeri
Svavar Geir Svavarsson	meðstjórnandi
Sigurður I. Halldórsson	áheyrnarfulltrúi GOF
Þorvaldur Ólafsson	varamaður

Endurskoðendur ársreiknings:

Davíð Einarsson og Helgi F. Arnarsson

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnarfundir. Að auki voru haldnir fjöldi nefndar og vinnufunda vegna verkefna á vegum stjórnar GO. Í lok golfsumarsins 2016 voru 1.211 félagar skráðir í Golfklúbbinn Odd. Þarf af voru 112 skráðir í Ljúflingsaðild. Félögum fjölgaði um 8 á árinu 2016.

Starfsmenn GO 2016

Framkvæmdastjóri:	Þorvaldur Þorsteinsson
Skrifstofustjóri:	Jón Júlíus Karlsson
Vallarstjóri:	Tryggvi Ölver Gunnarsson
Vallarstarfsmenn:	Halldór Leifsson Kristinn S. Jónsson Kristján Kristjánsson
Verkstæði:	Maron Tryggvi Bjarnason
Vallarþjónusta:	Baldur Hólmsteinsson
Afgreiðsla:	Svavar Geir Svavarsson Valdimar Júlíusson Anna Ragnheiður Jörundardóttir
Æfing svæði:	Ottó Bjartmarz

Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2016 á Urriðavelli og tilkynntu til Einherja-klúbbsins.

Sigurður Sigurðsson	26. ágúst 13. hola
Ragnhildur Kr. Ólafsdóttir	3. ágúst 4. hola
Eiríkur Bjarnason	21. júlí 8. hola
Jón Ingi Baldvinsson	5. júní 13. hola
Eysteinn Sigurðsson	3. júní 13. hola
Guðjón Steinarsson	16. maí 15. hola

Vallarmet á Urriðavelli (par 71)

Teigar 58: 65 högg (-6)

Einar Haukur Óskarsson, GOB (2009) og Axel Bóasson, GK (2010)

Teigar 54: 63 högg (-8)

Guðmundur Ágúst Kristjánsson, GR (2010)

Teigar 49: 69 högg (-2)

Eygló Myrra Óskarsdóttir, GO - 69 högg (2009)





Klúbbmeistarar GO 2016

- 271 kylfingur tók þátt í Meistaramóti Golfklúbbsins Odds í ár

Meistaramót Golfklúbbsins Odds fór fram 10. -15. júlí 2016. Mótið færðist aftur um viku í ár vegna Evrópumóts kvennalandsliða sem fram fór á Urriðavelli vikunni á undan. Rúmlega 200 kylfingar tóku þátt í mótinu að þessu sinni sem heppnaðist vel. Klúbbmeistarar í meistaraflokki karla og kvenna urðu þau Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir sigurvegara í öllum flokkum.

Klúbbmeistarar Golfklúbbsins Odds 2015

Meistaraflokkur karla

Rögnvaldur Magnússon 302 högg

Meistaraflokkur kvenna

Hrafnhildur Guðjónsdóttir 338 högg

Sigurvegarar í öðrum flokkum:

1. flokkur karla

Jóhann Pétur Guðjónsson 253 högg

1. flokkur kvenna

Ólöf Agnes Arnardóttir 254 högg

2. flokkur karla

Bragi Þorsteinn Bragason 249 högg

2. flokkur kvenna

Guðbjörg E. Ragnarsdóttir 284 högg

3. flokkur karla

Brynjar Örn Grétarsson 267 högg

3. flokkur kvenna

Kristín H. Guðmundsdóttir 115 punktar

4. flokkur karla

Dagbjartur Björnsson 275 högg

4. flokkur kvenna

Jóhanna Þórunn Olsen 92 punktar

5. flokkur karla

Guðbrandur Þ. Þorvaldsson 80 punktar

5. flokkur kvenna

Birgitta Ösp Einarsdóttir 97 punktar

6. flokkur karla

Þorsteinn Jónsson 95 punktar

Öldungaflokkur karla (50-64) Höggleikur

Hafsteinn E Hafsteinsson 244 högg

Öldungaflokkur karla (50-64) Punktakeppni

Valdimar Lárus Júlíusson 90 punktar

Öldungaflokkur karla (65+) Höggleikur

Sturlaugur G. Filippusson 177 högg

Öldungaflokkur karla (65+) Punktakeppni

Þórður Jónsson 63 punktar

Öldungaflokkur kvenna (50-64) Höggleikur

Björg Þórarinsdóttir 273 högg

Öldungaflokkur kvenna (50-64) Punktakeppni

Sybil Gréta Kristinsdóttir 108 punktar

Öldungaflokkur kvenna (65+) Höggleikur

Björg Kristinsdóttir 201 högg

Öldungaflokkur kvenna (65+) Punktakeppni

Elísabet Pétursdóttir 58 punktar

Drengir 11-13 ára

Magnús Skúli Magnússon 66 punktar



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Odds 2016

- Ingi Þór Hermannsson, formaður GO skrifar:

„Mikilvægasta verkefnið framundan að styrkja rekstrargrundvöll klúbbsins“

Kæru félagar. Óhætt er að segja að síðastliðið sumar hafi verið okkur afskaplega hliðhollt til að stunda þessa skemmtilegu íþrótt og útivist sem við höfum valið okkur og viljum njóta. Á það ekki síst við um veðurfarið því allt féll saman, sólríkara, hlýrra, vætuminna og hægviðrasamara sumar en mörg ár þar á undan. Ég veit ekki hvort Tryggvi vallarstjóri sé jafnánægður með úrkomuleysið og við hin en hann og hans fólk sá til þess að völluminn var snemma í frábæru standi þótt veturinn á undan hafi verið okkur erfiður og skilið efir sig kalbletti á brautum. Ljúflingur kom til að mynda mjög illa undan vetri.

Evrópumót kvenna sem haldið var í byrjun júlí var þungamiðjan í starfinu á árinu en það er stærsta golfmót sem haldið hefur verið á Íslandi. Framkvæmd þess var Golfklúbbum Odds til mikils sóma.

Völluminn var opnaður inn á sumarflatir 7. maí og ekki

lokað fyrr en 26. október. Það hefur ekki gerst áður að völluminn sé opinn inn á sumarflatir þetta lengi inn á haustið.

Stjórn og starfsfólk

Á síðasta aðalfundi voru kjörin í stjórn Ingi Þór Hermannsson, formaður, Einar Geir Jónsson, gjaldkeri, Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari og Svavar Geir Svavarsson meðstjórnandi. Fyrir í stjórninni sat Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður. Þorvaldur Ólafsson var kjörin varamaður. Þá voru þeir Helgi F. Arnarson og Davíð Einarsson kjörnir skoðunarmenn reikninga og Ásbjörn Björnsson til vara.

Sigurður Ingi Halldórsson sat stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi samkvæmt samningi við landeigendur. Stjórnin hélt 13 bókaða stjórnarfundum á árinu.

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu eru Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og Jón Júlíus Karlsson, markaðs- og skrifstofustjóri.

Tryggvi Ölver Gunnarsson fór fyrir vallastarfsmönnum sem fyrr. Með honum við umsjón valla og tækja í föstu starfi störfuðu þeir Halldór Leifsson, Kristinn S. Jónsson og Maron Tryggvi Bjarnason í föstu starfi. Að auki komu 10 starfsmenn að umhirðu vallarins í sumar. Í lok starfsársins hætti Halldór störfum að eigin ósk eftir langt og farsælt starf. Við þökkum Hadda fyrir samstarfið og óskum honum velfarnaðar. Í hans stað hefur verið ráðinn Kristján Kristjánsson, sem einnig starfaði með okkur í sumar.



Ingi Þór Hermannsson, formaður GO og Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ.

Svavar Geir Svavarsson og Valdimar Júlíusson stóðu vaktina í afgreiðslunni að vanda og Baldur Hólmsteinsson við vallarþjónustu. Að auki störfuðu við afgreiðslu og þjónustu í sumar Anna Ragnheiður Jörundsdóttur og Ottó Axel Bjartmarz.

Golfkennsla var í höndum þeirra Phill Hunter og Magnúsar Birgissonar en með þeim störfuðu Rögnvaldur Magnússon og Andrea Ásgrímsdóttir auk nokkurra unglunga úr klúbbum sem veittu aðstoð við barnanámskeið.

Veitingaþjónusta var í umsjón Par 3 ehf., þeirra Nikuláasar og Pálínu eins og undanfarin ár. Vil ég færa þeim sérstakar þakkir fyrir að bjóða félagsmönnum í kaffi og kökur nú í haust. Vel til fundið. Öllu þessu góða fólki færi ég bestu þakkir fyrir samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Félagsmenn

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1211 og fjölgaði félögum um 9 frá fyrra ári. Af þeim eru 1.099 með fulla félagsaðild en 112 félagar eru með Ljúflingsaðild. Oddur er fjórði stærsti klúbbur landsins innan vébanda GSÍ og eru félagsmenn í Oddi 7,2% af heildarfjölda og 12% sé einungis horft til höfuðborgarsvæðisins.

Bókaðir hringir félagsmanna á Urriðavelli voru 26.438. Til samanburðar voru 23.506 hringir bókaðir í fyrra og því er aukningin um 12,5% á milli ára.

Konur í golfklúbbum Oddi eru nú 496 talsins eða 41% félagsmanna. Enn sem fyrr er Oddur með hæsta hlutfall kvenna í sínum röðum í samanburði við aðra golfklúbba. Stjórn klúbbsins er stolt af þessari þróun og undirstrikar mikið og gott starf sem unnið er af kvennanefnd klúbbsins. Börn og unglingar undir tvítugu eru nú 96 talsins sem er lítisháttar aukning frá fyrra ári.

Aðra tölfræði má finna síðar í skýrslunni.



Baldur Hólmsteinsson (fyrir miðju) stóð að venju vaktina á Urriðavelli í sumar.

Evrópumót kvennalandsliða

Hápunktur starfsársins var án efa framkvæmd Evrópumóts kvennalandsliða. Auk Íslands tóku 19 Evrópuþjóðir þátt í mótinu. Tæplega 200 keppendur,

farastjórar, dómarmenn og starfsmenn og stjórnarmenn evrópska golfsambandsins komu til landsins og heim sóttu Urriðavöll keppnisvikuna sem saman stóð af fimm keppnisdögum og tveimur æfingadögum.

Það er skemmst frá því að segja að framkvæmdin tókst í alla staði mjög vel og undirstrikaði getu og styrk klúbbsins og þar með íslenskrar golfhreyfingar til að takast á við verkefni að þessari stærðargráðu. Umsagnir sem við fengum frá þátttakendum sem og fulltrúum evrópska golfsambandsins voru allar mjög jákvæðar og ánægjulegar.

Fyrir mig sem formann klúbbsins var þó ánægjulegast að upplifa þá samheldni og áhuga sem félagsmenn sýndu mótinu, ekki síst með sjálfböðastörfum meðan á mótinu stóð. Græni herinn eins og ég kys að kalla hópinn lét ekki sitt eftir liggja, mætti þegar um var beðið og stóð vaktina af sóma. Hversu vel gekk er ekki síst ykkur sjálfböðaliðunum að þakka. Fyrir það færi ég ykkur okkar bestu þakkir fyrir.

Elín Hrönn Ólafsdóttir tók að sér að leiða græna herinn og lagði í það mikla vinnu og metnað. Takk Elín fyrir þitt framlag. Það er gaman að því að Elín hélt nákvæmlega utan um alla þessa vinnu og allar þær stundir sem félagsmenn lögðu í verkefnið. Alls unnu tæplega 80 félagsmenn þau fjölbreyttu störf sem þurfti að sinna og 2.366 tímar voru unnir. Það jafngildir tæplega einu og hálfu ársverki! Að jafnaði voru 28 félagsmenn að störfum á hverri vakt og hver sjálfböðaliði vann 6 tíma á dag að jafnaði. Þá er ekki talinn með tímar við undirbúning, vinnuframlag stjórnarmanna og íslenskra dómara sem lögðu mótinu lið.



Sjálfböðaliðarnir stóðu sig eins og hetjur á EM og slógu í gegn hjá keppendum.

Heldur ekki vinna starfsmanna klúbbsins sem lögðu á sig mikla vinnu og metnað við að gera mótið hið glæsilegasta í alla staði. Það voru langir dagar hjá starfsmönnum í aðdraganda og meðan á mótinu stóð enda í mörg horn að líta. Ég færi starfsmönnum klúbbsins bestu þakkir fyrir þeirra mikla framlag. Þá vil ég þakka ykkur félagsmönnum fyrir þann skilning sem þið sýnduð meðan á mótinu stóð og völlumurinn



lokaður. Ég vona að þær ráðstafanir sem gerðar voru til þess að tryggja aðgang á öðrum völlum á þessum tíma hafi verið fullnægjandi og fyrir sanngjarnt verð.

“

Fyrir mig sem formann klúbbsins var þó ánægjulegast að upplifa þá samheldni og áhuga sem félagsmenn sýndu Evrópumótinu, ekki síst með sjálfboðastörfum meðan á mótinu stóð. Græni herinn eins og ég kys að kalla hópinn lét ekki sitt eftir liggja, mætti þegar um var beðið og stóð vaktina af sóma.

Völlurinn var í mjög góðu ástandi, flatir sjaldan verið betri en vallarstarfsmenn gerðu kraftaverk í aðdraganda mótsins við að koma brautum í gott stand enda margar illa farnar eftir erfiðan vetur. Keppendur voru mjög heppnir með veður, hlýtt og þótt blásið hafi nokkuð keppnisdagana hélst veður að mestu þurrt. Ljóst er að mótið og framkvæmd þess á eftir að auka hróður klúbbsins og vallarins sem mun að líkindum fjölga heimsóknum erlendra gesta á næstu árum. Hvað fjárhagshliðina af mótinu varðar má segja að við höfum sloppið fyrir horn en nánar verður farið yfir þá hlið við útskýringar á ársreikningnum.

Félagsstarf

Félagsstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði á liðnu starfsári þar sem innanfélagsmót eru kjarninn í starfinu. Gerðar voru nokkrar breytingar á Powerade mótaröðinni til þess að auka fjölbreytni og skemmtanagildi. Önnur leikform en höggleikur og punktakeppni fengu að njóta sín eins og betri bolti, texas scramble, og greensome. Ég held að fullyrða megji að



Ungu peyjarnir í meistaramóti GO.

almenn ánægja hafi ríkt með þessar breytingar. Vegna Evrópumótsins tók stjórn ákvörðun um að stytta meistaramót klúbbsins um einn dag í flestum flokkum og ljúka keppni á föstudegi í stað laugardags. Ekki voru allir á eitt sáttir með þessa ákvörðun en hún var tekin til þess að sætta sjónarmið um að halda meistaramótið annarsvegar og aðgengi að rástímum hinsvegar. Byrjað var að ræsa út fyrir á morgnana en undanfarin ár og niðustaðan varð sú að hægt var að skrá sig á rástíma upp úr kl. 15 alla mótsdagana. Þrátt fyrir þessar breytingar ríkti gleði og gaman í meistaramótinu enda lék veðrið flesta dag við kylfinga og völluminn í frábæru standi. Lokahófið var ekki síður ánægjulegt. Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Rögnvaldur Magnússon stóðu uppi sem klubbmeistarar 2016. Holukeppnin er einnig orðin föst í sessi en að þessu sinni stóð Auður Skúladóttir uppi sem sigurvegari.

Þá er bændaglíman að verða einn mest spennandi viðburðurinn í innanfélagsstarfinu. Til þess að mæta mjög svo aukinni eftirspurn þá var í haust gripið til þess ráðs að taka Ljúflinginn undir líka og því völluminn sem spilaður var orðinn eitthvað annað og miklu meira en 18 holur. Leikformið er kannski líka orðið eitthvað annað og miklu meira en bara golf. Í það minnsta höfðu menn gaman og skemmtu sér vel. Ég færi Valda og öllum þeim sem komu að fram-



Stjórn GO 2015-2016 ásamt framkvæmdarstjóra: Efri röð f.v.; Þorvaldur Þorsteinsson, Svavar Geir Svavarsson, Einar Geir Jónsson, Þorvaldur Ólafsson. Neðri röð f.v. Guðmundína Ragnarsdóttir, Ingi Þór Hermannsson og Ágústa Arna Grétarsdóttir.

kvæmd og skipulagingu mótanna í sumar bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Kennararnir okkar voru duglegir að bjóða upp á ýmis námskeið og tíma fyrir byrjendur sem lengra komna. Í vetur vorum við í þeirri stöðu að þurfa að flytja okkur úr Kaupþúninu fyrir vetraræfingar. Leigt var



húsnæði þar nálægt, í Miðhrauni, þar sem áður var vélaverkstæði. Því miður tókst ekki að gera þá aðstöðu nægjanlega aðlaðandi og ekki var hægt að setja upp golfherma sem höfðu áður haft talsvert aðdráttarafl. Niðurstaðan varð sú að aðstaðan var lítið nýtt. Stjórn klúbbsins hefur tekið þá ákvörðun að semja við GKG um aðstöðu til æfinga næsta vetur. Við munum fá aðgang að æfingaaðstöðu í Kórnum fyrir keppnisveitir og barna- og unglingastarf. Félagsmenn í Oddi verða boðnir velkomnir í nýja og glæsilega aðstöðu GKG við Vífilstaði gegn vægu gjaldi. Aðstaðan verður okkur opin frá kl. 10 á morgnana til kl. 15 og eftir kl. 19 á virkum dögum og frá kl. 10 um helgar. Þar verður hægt að pútta, slá í net og bóka tíma í golfherma.

“

Gerðar voru nokkrar breytingar á Powerade mótariðinni til þess að auka fjölbreyttni og skemmtanagildi. Önnur leikform en höggleikur og punktkeppni fengu að njóta sín eins og betri bolti, Texas scramble, og Greensome. Ég held að fullyrða megji að almenn ánægja hafi ríkt með þessar breytingar.

Því miður varð minna um fræðslustarf en til stóð en reglunámskeiðin voru á sínum stað hjá Þórði Ingasyni. Hinsvegar held ég megji segja að við höfum staðið okkur vel í að miðla upplýsingum og birta félagsmönnum fréttir af því helsta í starfseminni. Við erum virk á fésbókinni og fréttir jafnan birtar á heimasíðu okkar. En burðarásinn í fréttamiðluninni er fréttabréfið okkar sem sent er á tölvupóstföng félagsmanna

svo gott sem í hverri viku. Alls voru send út 34 fréttabréf á starfsárinu.

Þá er kvennastarfið okkar alltaf jafn öflugt og í miklum blóma. Algjörlega til fyrirmyndar. Mikið vildi ég að það væri svona gaman hjá okkur körlunum líka. Haustferðir til útlanda eru orðnar að föstum lið í starfinu okkar. Að þessu sinni var boðið upp á tvo valkosti. Stutta ferð til Belfry á Englandi í byrjun október og 7 – 9 daga ferð til La Sella á Spáni upp úr miðjum október. 14 félagar fóru í ferðina til Belfry og rétt um 50 félagar til La Sella.

Afreks-, barna- og unglingastarf


Byrjendanámskeið fyrir börn og unglinga voru í boði eins og undanfarin ár. Að þessu sinni voru haldin 3 námskeið sem um 60 krakkar á aldrinum 6 – 12 ára mættu á. Klúbburinn hefur fína aðstöðu upp á að bjóða fyrir þessi námskeið, bæði æfingasvæðið og Ljúfling. Félagsmenn hafa nýtt sér vel tilboð fyrir að skrá barn eða barnabarn á þessi námskeið og er það vel.

Þá voru að auki stundaðar æfingar af krafti hjá þeim krökkum sem eru komnir af byrjendastiginu. Alls tóku um 20 krakkar í æfingum og keppnum á vegnum klúbbsins, s.s. í sveitakeppni golfklúbba sem haldin er af GSÍ.



Afrekssveitir karla- og kvenna og öldungaflokkum karla og kvenna voru við æfingar á vegum klúbbsins eins og áður. Við val í sveitir er fyrst og fremst miðað við forgjöf til þess að tryggja gegnsæi í þessu starfi og jafnræði þegar kemur að því að njóta þessara réttinda ef svo má að orði komast. Sveitirnar tóku þátt í sveitakeppni golfklúbba og náðu mjög góðum árangri.

Sveit eldri kylfinga karla vann til silfurverðlauna í efstu deild eftir úrslitaleik á móti GR. Sveit eldri kylfinga kvenna vann til gullverðlauna í annarri deild og spilar í efstu deild að ári. Karlasveitin vann til silfurverðlauna í 4. deild og spilar í 3. deild á næsta ári.



“

Tekin var ákvörðun að fjárfesta í 10 nýjum golfbílum í byrjun sumars og skipta út gömlum bensínbílum yfir í umhverfissvæna rafmagnsbíla. Er það eitt af mörgum skrefum sem klúbburinn er að taka til að bæta umhverfi sitt m.t.t. umhverfissjónarmiða og sjálfbærni.

Hlutskipti kvennasveitarinnar varð hinsvegar að falla úr efstu deild í 2. deild. Sjá nánar í skýrslu afreksnefndar.

Fjárfestingar og framkvæmdir

Tekin var sú ákvörðun að fjárfesta í 10 nýjum golfbílum í byrjun sumars og taka yfir leigu golfbíllanna, sem áður var í höndum veitingaþjónustunnar. Með því var skipt út gömlum bensínbílum yfir í umhverfissvæna rafmagnsbíla. Er það eitt af mörgum skrefum sem klúbburinn er að taka til að bæta umhverfi sitt m.t.t. umhverfissjónarmiða og sjálfbærni. Vinna við að sækjast eftir formlegri umhverfissvottun er hafin og við væntum þess að þeirri vinnu ljúki á næsta starfsári.

Á síðasta ári var helmingur æfingabolta á æfingasvæðinu endurnýjaður og restin var kláruð nú í sumar. Einnig voru mottur á svæðinu endurnýjaðar.

Þá var lögð lögn fyrir heitt vatn og ljósleiðara að golfskálanum á starfsárinu. Þetta verkefni var kostað af landeigendum en unnið af starfsmönnum klúbbsins að mestu leyti. Enn er eftir að tengja lögnina þar sem innviðakerfi Garðabæjar í Urriðaholti hefur enn ekki náð að hinum enda lagnarinnar. Því miður er ekki útilit fyrir að lögnin verði tengd á næsta ári og því verðum við áfram að nota rafmagn til að fá heitt vatn með tilheyrandi kostnaði.

Fjarskipti verða einnig áfram um örbylgjusamband en við lögðum í smá vinnu við að bæta internet tengingu í sumar í golfskálanum og fengum einnig Mílu í lið með okkur til að bæta 3G/4G samskipti á svæðinu í tengslum við skorskráningu úti á velli vegna Evrópumótsins.

“

Af framkvæmdum á völlum er það helst að segja að framkvæmdir við tjarnirnar á 2. og 5. braut voru kláraðar. Afskaplega vel heppnaðar breytingar þar og ber framúrskarandi handbragði vallarstarfsmanna okkar gott vitni.

Af framkvæmdum á völlum er það helst að segja að framkvæmdir við tjarnirnar á 2. og 5. braut voru kláraðar. Afskaplega vel heppnaðar breytingar þar og ber framúrskarandi handbragði vallarstarfsmanna okkar gott vitni. Stígur við 8. braut var endurgerður og malbikaður nú í haust og lokið við lagfæringar á glompum við 3. braut. Þá fór mikil vinna í að laga kalsár víða á brautum eftir erfiðan vetur og árangur erfiðisins var farinn að sjást vel þegar dróg að hausti. Þá er hafin undirbúingsvinna að byggingu vélageymslu en mikil þörf er á nýju geymsluhúsnæði yfir vetrarmánuði til að vernda vélar og tæki. Fram



Árni Traustason bregður á leik.



Líf og fjör í Meistaramóti GO.

til þessa hefur klúbburinn notast við gáma eða reynt að finna geymsluhúsnæði til leigu. Við vonumst að geymslan verði risin 2018 en þetta verkefni verður kostað af landeigendum að mestu.

Vinavellir

Samningar voru gerðir við Strandarvöll við Hellu, Húsatóftarvöll við Grindavík, Þorláksvöll við Þorlákshöfn, Hamarsvöll við Borgarnes, Garðavöll á Akranesi og Glannavöll við Bifröst auk Haukadalsvallar við Geysi. Þá var Hólmsvelli á Suðurnesjum bætt við í sumar á lista yfir vinavelli. Spiluðum hringjum á vinavöllum fjölgaði nokkuð á milli ára.

Stækkun Urriðavallar

Vinna við gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnslandi sem m.a. gerir ráð fyrir stækkun um 9 holu golfvöll í Búrfellshrauni hefur haldið áfram á liðnu starfsári. Fyrir liggur tillaga landeigenda að skipulagi útivistarsvæðisins sem lögð hefur verið fram til kynningar til Garðabæjar. Bærinn hefur hins vegar ekki enn tekið afstöðu til tillögunnar af þeirri ástæðu að Garðabær hefur mótað þá stefnu að friðlýsa eigi allt hraunið frá Búrfelli, um Urriðakotshraun til sjávar.

Urriðakotshraunið í eigu Oddfellow reglunar er hluti af þessu svæði og hefur Garðabær áhuga á því að friðlýsa það sem fólkvang skv. náttúruverndarlögum.

“

Sú framtíðarsýn sem unnið er að nú er að á Urriðavatnslandi felur í sér að útivist og fræðsla geti farið saman við vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags. Þar verði gott aðgengi fyrir almenning, öflugt stígakerfi með góðum tengingum við nærliggjandi svæði, vönduð fræðsluskilti, aðstaða til umhverfis- og menningarfræðslu og aðstaða til golfiðkunar á heimsmælikvarða.

Fyrir liggur að áður en Garðabær tekur afstöðu til lagningar golfbrauta í Urriðakotshrauni þá vill bæjarstjórn fá úr því skorið hvort mögulegt sé að friðlýsa hraunið sem fólkvang, þrátt fyrir að golfbrautir verði lagðar í hraunið. Garðabær og landeigendur eru nú að skoða þetta nánar í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í svari við fyrirspurn til Umhverfisstofnunar segir að útivist eins og golfvöllur gæti fallið innan verndarsvæðis sem fólkvangs, svo fremi sem að verndargildi svæðisins sé ekki ógnað með framkvæmdum sem valda verulegu raski. Vegna nýrra náttúruverndarlaga, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skýrt hlutverk við mat á verndargildi, var stofnunin fengin til að meta verndargildi svæðisins og er mat þeirra væntanlegt innan fárra daga.

Í kjölfarið mun Garðabær væntanlega taka afstöðu til þess hvort bæjarfélagið tekur undir þá ósk landeigenda um að hægt verði að leggja golfbrautir í hraunið. Afstaðan mun að hluta til byggja á mati Náttúrufræðistofnunar.

Hvernig framhaldið verður mun því ekki koma í ljós fyrir en afstaða Garðabæjar liggur fyrir. Vonandi skýrast línur snemma á næsta ári.



Sú framtíðarsýn sem unnið er að nú er að á Urriðavatnslandi felur í sér að útivist og fræðsla geti farið saman við vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags. Þar verði gott aðgengi fyrir almenning, öflugt stígakerfi með góðum tengingum við nærliggjandi svæði, vönduð fræðsluskilti, aðstaða til umhverfis- og menningarfræðslu og aðstaða til golfiðkunar á heimsmælikvarða.

Það er von okkar og trú að samstarf Garðabæjar og landeigenda muni leiða til uppbyggingar einstaks útivistarsvæðis í Urriðavatnslandi og golfvallar á heimsvísu.

Fjármál og rekstrargrundvöllur

Eins og rekstrarreikningur klúbbsins ber með sér var talsverður halli á rekstri starfsársins. Nánar verður farið yfir reikninginn og skýringar á honum á aðalfundinum en mestu munar um aukinn launakostnað sem skýrist annars vegar af launahækkunar komu fyrir og voru hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun og hinsvegar að Garðabær skar niður stuðning við klúbbinn sem nam þremur sumarstarfsmönnum sem klúbburinn þurfti að taka á sig og kostaði okkur 1,8 milljónir.

Það er mikilvægt að staldrað sé við varðandi þennan þátt í ársskýrslunni enda blasir sú staðreynd við að verulega er gengið á óráðstafað eigið fé klúbbsins. Þessi niðurstaða er stjórn klúbbsins mikil vonbrigði og áhyggjuefni. Fjármál hafa í alla mína formannstíð haft mikinn fókus og ávallt verið til umfjöllunar í byrjun hvers stjórnarfundar í sjö ár. Það er ekki

síst vegna þess staðreyndar að rekstur klúbbsins hefur á hverju ári verið erfiður og mikið aðhald þurft á öllum kostnaðarþáttum til að láta dæmið ganga upp. En sú staðreynd blasir við okkur, ekki síst í samanburði við önnur íþróttafélög, að leiga fyrir aðstöðu upp á 26 milljónir á ári er okkur mjög erfið.

“

Stöðugt er farið með þá tuggu að landeigendur hafi lofað Garðabæ að þurfa ekki að bera kostnað af starfsemi í Urriðavatnsdölum. Engu hefur breytt að vekja athygli á því að það er íþróttafélagið Oddur sem er í þessari sérstöku stöðu að þurfa einir íþróttafélaga í Garðabæ að greiða leigu fyrir afnot af aðstöðu sinni.

Á þessu ári, sem í mörg ár þar á undan, hefur verið reynt að fá Garðabæ til þess að standa þéttar við bakið á okkur og veita okkur frekari stuðning. Þær tilraunir allar hafa lítinn árangur borið. Fyrir utan niðurskurð í framlagi til sumarstarfa þá hefur fjárframlag til klúbbsins, 6 milljónir á ári, staðið í stað frá árinu 2012. Á sama tíma hefur vísitölukarfa launa og verðlags í samræmi við útgjöld klúbbsins vaxið um tæp 28%. Það þýðir í raun að framlag Garðabæjar hefur rýrnað um tæpar 1,7 milljónir króna á verðlagi haustsins. Samtals má því segja að framlag Garðabæjar á þessu starfsári hafi rýrnað um 3,5 milljónir í samanburði við fyrri ár.

Svo öllu sé haldið til haga þá studdi Garðabær Evrópumót kvennalandsliða sérstaklega um 1.500



Góðir sumardagar voru tíðir á Urriðavelli í sumar.



þúsund, 350.000 kr. styrk og 1.150 þúsund krónur vegna lokahófs fyrir keppendur. Ég er þeirrar skoðunar að nóg sé komið af kurteis heimsóknum til bæjarstjórnans í Garðabæ og íþrótt- og tómstundaráðs. Þessar ferðir hafa engu skilað okkur. Stöðugt er farið með þá tuggu að landeigendur hafi lofað Garðabæ að þurfa ekki að bera kostnað af starfseminni í Urriðavatsdölum.

Engu hefur breytt að vekja athygli á því að það er íþróttafélagið Oddur sem er í þessari sérstöku stöðu að þurfa einir íþróttafélaga í Garðabæ að greiða leigu fyrir afnot af aðstöðu sinni og Garðabær láti öðrum íþrótt- og ungmennafélögum aðstöðu í té án endurgjalds. Það hefur heldur engu breytt að vekja athygli forsvarsmanna bæjarins á þeirri staðreynd að mikið hafi breyst á þeim 25 árum frá því að hið meinta loforð var gefið, svo sem að fjöldi þeirra sem stunda íþróttina hefur margfaldast á tímanum og stefnir í enn frekari fjölgun með lengri lífaldri.

Hvað er þá til ráða? Jú að fara fyrir ráðuneyti eða aðrar stofnanir og látið á það reyna hvort klúbburinn njóti jafnræðis við önnur íþróttafélög í bænum og fá úr því skorið hvort á okkur sé brotið. Fara í hart svo töluð sé íslenska.

Önnur leið er að sjálfsögðu að freista þess að fá leigu á aðstöðu okkar lækkaða. Samningur við landeigendur rann út nú í lok rekstrarársins. Fyrir liggja drög að samkomulagi um að framlengja fyrri samningi óbreyttum um eitt ár. Í drögunum er gert ráð fyrir því að á árinu verði farið ofan í saumana á öllum fjármálum klúbbsins og lagt mat á það hvernig megi tryggja rekstrarhæfi til þess tíma að völlurinn hafi verið stækkaður í 27 holur. Eins og fjallað hefur verið um

í ársskýrslum síðustu tveggja ára mun slík breyting styrkja rekstrargrundvöll klúbbsins verulega. Það er í höndum nýrrar stjórnar að taka ákvörðun um næstu skref.

Að lokum

Mikilvægasta verkefni stjórnar á næsta ári er því að mínu mati að fara í saumana á fjármálunum og finna leið til þess að styrkja rekstrargrundvöllinn án þess að þurfa að fara frekar ofan í vasa félagsmanna umfram það sem tillagan sem nú liggur fyrir fundinum gerir ráð fyrir.

En nóg af fjármálaþunglyndi. Það er gaman að vera hluti af því samfélagi sem hefur myndast í Oddi á síðustu árum. Hvað öðru líður er ég sannfærður um að svo verði áfram og að öflugt félagsstarf og félagssandi verði leiðarljósið í störfum stjórnar og félagsmanna í nýju ári.

Að lokum ítreka ég þakkar til starfsmanna klúbbsins fyrir vel unnin störf. Ekki síður til ykkar félagsmanna sem lögðu klúbbum lið í gegnum sjálfbodastörf í sumar. Bestu þakkar til fyrirtækja sem lögðu starfseminni lið á liðnu ári. Og síðast en ekki síst þakka ég meðstjórnendum mínum og Sigurði Inga Halldórsyni fyrir samstarfið á árinu.

Stjórn Odds óskar félagsmönnum sínum farsældar á nýju ári og þakkar fyrir ánægjulega samveru.

*f.h. stjórnar Golfklúbbsins Odds
Ingi Þór Hermannsson,
formaður*



Golfklúbburinn Oddur

Ársreikningur 2016

**Golfklúbburinn Oddur
Kennitala 611293-2599
Pósthólf 116, 212 Garðabær**

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8
Sundurliðanir	9-11

Áritun stjórnar á ársreikninginn

Stjórn Golfklúbbsins Odds og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning klúbbsins fyrir tímabilið 1. nóvember 2015 til 31. október 2016 með undirskrift sinni.

Garðabæ, 6. desember 2016

Í stjórn Golfklúbbsins Odds:

Þygi Þórs Þormannsson
Svarar Geir Svararsson
Agneta A. Grönlund
Þorvaldur Ólafsson
Einar Guðr. Jónsson

Framkvæmdastjóri

Fransdur Friðmann

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Golfklúbbum Oddi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Golfklúbbsins Odds fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu klúbbsins á rekstrarárinu 2016, fjárhagsstöðu hans 31. október 2016 og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 6. desember 2016


Ásbjörn Björnsson


Helgi F. Arnarson

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2015 til 31. október 2016

	Skýringar	1.11.2015- 31.10.2016	1.11.2014- 31.10.2015
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld	2	98.736.250	94.191.945
Vallartekjur	3	31.012.255	29.148.388
Styrkir og fjáraflanir	4	29.812.935	27.526.974
Aðrar tekjur	5	10.031.748	8.942.448
		169.593.188	159.809.755
 Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	6	4.619.898	2.644.122
Laun og launatengd gjöld	7	84.097.186	76.314.050
Íþróttastarf	8	13.450.021	14.551.838
Rekstur Urriðavallar	9	44.473.416	38.053.659
Rekstur golfskála og bygginga	10	8.436.854	6.768.511
Rekstur véla og tækja	11	12.434.186	14.975.438
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	12	6.116.680	8.365.591
		173.628.241	161.673.209
 Rekstrarhagnaður f. afskr. og fjármagnsliði		 (4.035.053)	 (1.863.454)
 Afskriftir fastafjármuna		 1.062.896	 189.656
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		914.443	686.898
Vaxtagjöld og verðbætur		(570.026)	(400.216)
		344.417	286.682
 Hagnaður (tap) tímabilsins		 (4.753.532)	 (1.766.428)

Efnahagsreikningur 31. október 2016

	Skýringar	31.10.2016	31.10.2015
Eignir			
Fastafjámunir			
Vallareftirlitsbíll		913.511	1.074.719
Golfbílar og golfkerrur til útleigu		8.115.192	0
		<u>9.028.703</u>	<u>1.074.719</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		13.380.744	6.303.449
Birgðir, endursöluvörur	6	3.562.505	2.651.620
Vallarvörubirgðir		3.485.218	2.094.050
Handbært fé	13	66.488	5.315.289
		<u>20.494.955</u>	<u>16.364.408</u>
Eignir samtals		<u>29.523.658</u>	<u>17.439.127</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	14	1.896.881	6.650.413
 Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur á tékkareikningi		3.720.465	0
Ógr laun og launatengd gjöld	15	8.103.814	5.795.929
Ýmsar skammtímaskuldir	16	9.332.938	4.992.785
næsta árs afborganir langtímaskulda		1.319.316	0
		<u>22.476.533</u>	<u>10.788.714</u>
 Langtímaskuldir			
Landsbankinn v/golfbíla		6.469.560	0
- næsta árs afborganir		(1.319.316)	0
		<u>5.150.244</u>	<u>0</u>
Skuldir samtals		27.626.777	10.788.714
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>29.523.658</u>	<u>17.439.127</u>

Sjóðstreymi 1. nóvember 2015 til 31. október 2016

	1.11.2015- 31.10.2016	1.11.2014- 31.10.2015
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) ársins	(4.753.532)	(1.766.428)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	1.062.896	189.656
	(3.690.636)	(1.576.772)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(7.077.295)	8.181
Birgðir	(2.302.053)	(3.107.776)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	10.368.503	2.771.627
	989.155	(327.968)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(2.701.481)	(1.904.740)
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(9.016.880)	0
	(9.016.880)	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Ný langtímalán	6.469.560	0
	6.469.560	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(5.248.801)	(1.904.740)
Handbært fé í byrjun tímabils	5.315.289	7.220.029
Handbært fé í lok tímabils	66.488	5.315.289

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.3 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar til eignar á innkaupsverði.

1.4 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir. Yfirdráttur við lánastofnanir er færður á meðal skammtímaskulda.

1.5 Samningur við Golfklúbb Oddfellowa

Þann 25. nóvember 2010 var undirritaður samningur við Golfklúbb Oddfellowa um leigu á öllum eignum Golfklúbbs Oddfellowa í Urriðavatnsdölum. Nánar er hér um að ræða 18 holu golfvöll GOF ásamt æfingaaðstöðu, golfskála, vélageymslu með tilheyrandi lausafé og níu holu æfingarvöllinum Ljúflingi. Þá tekur GO á leigu vélar og tæki GOF, samkvæmt tækjalista. Samningurinn gildir frá 1.11.2010 til 31.10.2015. Samningurinn var endurskoðaður í nóvember 2013 til 3ja ára. Leigugjaldið fyrir ofangreind afnot eru kr. 26.000.000 árlega, auk þess kr. 5.000.000 fyrir afnot af vélum og tækjum sem hækkar um 1.000.000 árlega til loka samnings. Leigugjald fyrir vélar og tæki var 7.000.000 fyrir árið 2016.

1.6 Fastafjármunir

Fastafjármunir eru bókfærðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru 10% af bókfærðu verði.

Sundurliðanir

	1.11.2015- 31.10.2016	1.11.2014- 31.10.2015
2. Félagsgjöld		
Félagsgjöld	98.022.250	93.165.945
Inntökugjald.....	714.000	1.026.000
	<u>98.736.250</u>	<u>94.191.945</u>
3. Vallartekjur		
Urriðavöllur.....	6.264.300	6.619.191
Ljúflingur.....	6.064.424	6.972.500
Tekjur af mótahaldi.....	13.030.400	12.217.010
Gjöld v/ vallartekna og mótahalds.....	(899.109)	(959.510)
Tekjur af boltavél á æfingasvæði.....	4.355.800	4.457.509
Gjöld af boltavél á æfingasvæði.....	(450.050)	(203.812)
Golfbílaleiga, kerruleiga.....	2.646.490	45.500
Tekjur af EM kvenna.....	9.401.234	0
Gjöld af EM kvenna.....	(9.401.234)	0
	<u>31.012.255</u>	<u>29.148.388</u>
4. Styrkir og fjáröflun		
Styrkir og stuðningur fyrirtækja.....	15.612.935	21.526.974
Styrkir sveitarfélaga.....	6.000.000	6.000.000
Aðrar fjáraflanir.....	8.200.000	7.000.000
	<u>29.812.935</u>	<u>27.526.974</u>
5. Aðrar tekjur		
Leigutekjur af golfskála.....	1.898.652	2.576.485
Lottó-getraunir.....	1.237.350	1.521.930
Vörusala	6.289.746	3.402.691
Aðrar tekjur	606.000	1.441.342
	<u>10.031.748</u>	<u>8.942.448</u>
6. Vörunotkun		
Innkaup til endursölu	5.530.783	3.657.848
Vörubirgðir í ársbyrjun	2.651.620	1.637.894
Vörubirgðir í árslok	(3.562.505)	(2.651.620)
	<u>4.619.898</u>	<u>2.644.122</u>
7. Laun og launatengd gjöld		
Launagreiðslur	64.836.957	57.340.993
Tryggingargjald	5.219.057	4.860.161
Lífeyrissjóðsgjöld	6.149.871	5.320.890
Sjóðagjöld	1.063.726	1.033.423
Aðkeypt vinna	2.850.285	2.043.763
Bifreiðaafnot og bifreiðakostnaður starfsmanna	2.040.502	2.132.566
Ábyrgðartryggingar	160.446	131.223
Fæðiskostnaður vallarstarfsmanna	2.394.985	2.554.987
Endurgreiddur fæðiskostnaður	(315.050)	(376.100)
Önnur launatengd gjöld	379.617	428.443
Vinnufatnaður	867.479	843.701
Laun færð á mót	(1.550.689)	0
	<u>84.097.186</u>	<u>76.314.050</u>

Sundurliðanir

	1.11.2015- 31.10.2016	1.11.2014- 31.10.2015
8. Íþróttastarf		
Þáttaka í mótum	737.307	545.704
Rekstur keppnissveita	330.070	323.087
Verðlaun	759.398	875.000
Þjálfun og kennsla	2.540.635	2.585.250
Inniæfingaraðstaða	895.711	2.426.821
Félagsgjöld (aðildargjöld að GSÍ o.fl.)	5.890.800	5.302.976
Vallargjöld á vinavelli	2.296.100	2.493.000
	<u>13.450.021</u>	<u>14.551.838</u>
9. Rekstur Urriðavallar		
Leiga til GOF	26.000.000	22.000.000
Almennt viðhald vallar	9.677.828	7.349.473
Áburður og fræ	5.050.188	4.922.723
Túnþökur	763.001	610.000
Jarðefni, mold, sandur og akstur	2.930.319	2.934.655
Aðrar framkvæmdir á velli	52.080	236.808
	<u>44.473.416</u>	<u>38.053.659</u>
10. Rekstur golfskála og bygginga		
Viðhald húss og áhalda	914.346	985.983
Rafmagn og hiti	3.025.912	2.427.253
Rekstur öryggiskerfa	430.099	351.798
Sorphirða	2.917.638	1.952.987
Annar kostnaður	1.148.859	1.050.490
	<u>8.436.854</u>	<u>6.768.511</u>
11. Rekstur véla og tækja		
Varahlutir og viðgerðir tækja	5.493.132	3.184.690
Eldsneyti og olíur	1.678.273	2.660.197
Vátryggingar og skattar	698.932	436.397
Smááhöld, verkfæri og rekstravörur	1.563.849	2.694.154
Leiga á tækjum frá GOF	3.000.000	6.000.000
	<u>12.434.186</u>	<u>14.975.438</u>
12. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Sími, nettengingar, burðargjöld o.fl.	802.753	821.939
Ritföng, prentun, ljósrit, bækur og blöð	1.128.532	786.016
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	1.808.637	2.658.490
Áhöld og tæki skrifstofu	338.517	328.749
Fundarkostnaður, ráðstefnur	199.278	407.877
Auglýsingar	188.367	1.314.104
Gjafir, risna	3.900	210.770
Vátryggingar	144.835	151.373
Aðkeypt bókhalds- og sérfræðiþjónusta	1.374.846	1.435.473
Annar kostnaður	127.015	250.800
	<u>6.116.680</u>	<u>8.365.591</u>

Sundurliðanir

	1.11.2015- 31.10.2016	1.11.2014- 31.10.2015
13. Handbært fé		
Íslandsbanki; 0546-26-803	66.488	346.125
Landsbanki 133-26-212	0	4.969.164
	<u>66.488</u>	<u>5.315.289</u>
14. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé 1/11	6.650.413	8.416.841
Hagnaður (Tap) ársins	(4.753.532)	(1.766.428)
	<u>1.896.881</u>	<u>6.650.413</u>
15. Ógreidd laun og launatengd gjöld		
Ógreidd laun	4.821.416	3.868.199
Ógreidd launatengd gjöld	1.780.227	713.683
Ógreidd staðgeiðsla og tryggingargjald	1.502.171	1.214.047
	<u>8.103.814</u>	<u>5.795.929</u>
16. Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreiddir reikningar og kostnaður	10.277.021	4.818.052
Uppgjörsreikningur virðisaukaskatts	(944.083)	174.733
	<u>9.332.938</u>	<u>4.992.785</u>



Frábær Oddsferð á Belfry

„Það er magnað að koma til Belfry og leika á þessu fræga golfsvæði“

Fjórtán félagar úr Golfklúbbnum Oddi fóru í haust í vel heppnaða hóp golferð til Belfry á Englandi. Ferðin var skipulögð af GO í samstarfi við GB Ferðir og heppnaðist ferðin afskaplega vel. Belfry er heimsþekkt golfsvæði við Birmingham þar sem Ryder-bikarinn hefur fjórum sinnum farið fram, síðast árið 2002.

„Þetta var mikil upplifun. Það er magnað að koma til Belfry og leika á þessu fræga golfsvæði,“ segir Örn Smári Gíslason sem var fararstjóri í ferðinni.

Hópurinn úr Oddi fékk frábært veður í ferðinni því ekki féll dropi úr lofti alla helgina. „Vellirnir voru frábærir og í topp ásigkomulagi. Öll aðstaða á Belfry er frábær – allt á sama punktinum. Það er stutt að labba á teig á alla þrjá vellina. Veitingastaðir eru frábrugðnir hvor öðrum og hótelið mjög gott. Okkar upplifun var í alla staði frábær.“

Flogið var beint með Icelandair til Birmingham en aðeins er um 15 mínútna akstur frá flugvelli til

Belfry. „Ferðalagið er svo sutt og þægilegt í alla staði. Það var líka hluti af hópnum sem nýtti tækifærið og kíkti yfir til Birmingham,“ bætir Örn Smári við.

Skorið aukaatriði

Blásið var til golfmóts í ferðinni og leikið á Brabazon vellinum heimsþekktu sem er aðal keppnisvöllurinn á Belfry golfsvæðinu. Anna María Sigurðardóttir og Halldór Örn Óskarsson fögnuðu sigri og fengu að launum gjafabréf frá GB Ferðum.

„Þetta er auðvitað alvöru vellir – langir og krefjandi. Þó að Brabazon hafi náð að brjóta mig þá lét ég það ekki á mig fá. Skorið var aukaatriði því upplifunin var svo mikil,“ segir fararstjórinn.

„Hópurinn var breiður í aldri og við þekktum hvort annað ekki mikið. Við fengum því tækifæri til að kynnst og andinn í ferðinni var frábær. Við vorum orðin eins og góður vinahópur í lok ferðar,“ sagði Örn Smári Gíslason, fararstjóri GO á Belfry.





**GOLFHJARTAÐ SLÆR
Á URRÍÐAVELLI**





Kvennastarf GO aldrei verið öflugurra

- Inga Engilbertsdóttir, formaður kvennanefndar GO

Kvennanefndina árið 2016 skipuðu: Inga Engilberts, formaður, Bergþóra María Bergþórsdóttir, Guðmundína Ragnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Björg Jónsdóttir, Sigfríð Runólfssdóttir og Sigurlaug Friðriksdóttir. Kvennanefndin kom saman reglulega til að skipuleggja og undirbúa starf ársins, sem var að venju fjölbreytt og öflugt. Oddskonur voru duglegar að taka þátt og stuðluðu að blómlegu starfi.

Púttmótaröð kvenna var á tímabilinu 22. janúar til 12. mars og voru alls 8 mót haldin. Að þessu sinni vorum við með aðstöðu í Hraunkoti og var þar boðið uppá breytilegan púttvöll á hverjum tíma. Eins og áður var góð mæting og mikil barátta um efstu sætin alveg fram að síðasta móti.

Fjölsótt kvennakvöld

Að venju var Kvennakvöldið byrjun á sumarstarfinu, en það var haldið 1. apríl í golfskalanum okkar. Þar mættu um 100 konur og nutu frábærra veitinga vertsins okkar, eins og oft áður. Fjáröflunarleið sumarsins, sala á happdrættismiðum, gekk mjög vel og voru margir góðir vinningar í boði. Púttrottning vetrarins var krýnd og var það Hulda Hallgrímsdóttir sem stóð

uppi sem sigurvegari.

Hið árlega Léttvínkvöld, þar sem sumarstarf kvennanefndar var kynnt, fór fram 18. maí. Þar var einn af hápunktum sumarsins kynntur sérstaklega, en það var Evrópumót kvennalandsliða í golfi, sem haldið var á Urriðavelli 4. – 9. júlí. Mikill fjöldi sjálfbóðaliða, bæði kvenna og karla, kom að þessu móti, en því verður gerð betri skil annars staðar í ársskýrslunni.

Áfram var haldið að hvetja konur að skrá niður alla fugla og erni sumarsins og er þessi hefð greinilega komin til að vera. Þátttakan var frábær og gaman að eiga ýmsa tölfraði um þetta. Alls voru það 14 konur sem fengu 5 fugla eða fleiri yfir sumarið, flestir fuglarnir fengust í júní og það var 8. brautin sem gaf flesta fuglana, eða alls 66 stk. Fugladrottningin var svo krýnd á Lokamóti kvenna í september.

Vorferðin innanlands er orðin árlegur viðburður í kvennastarfinu hjá klúbbum. Að þessu sinni heim sóttum við golfsystur okkar í Hveragerði 27. maí. Slæm veðurspá dró nokkuð úr þátttöku, en þegar komið var austur, þá rættist úr veðrinu. Konurnar í Golfklúbbi Hveragerðis sáu um að allur undirbúningur var til sóma og tóku mjög vel á móti okkur.



Brosildar Oddskonur við leik í sumar.

Völlurinn var krefjandi, en skemmtilegur og áttum við þar góðan dag. Eins og undanfarin ár var boðið var upp á góðar veitingar, teiggjafir og vinninga.

Mikil spennan í vinkvennamótunum

Hin árlegu vinkvennamót milli GO kvenna og GKG kvenna annars vegar og milli GO kvenna og GK kvenna hins vegar fóru fram í júní og júlí.

“

Áfram var haldið að hvetja konur til að skrá niður alla fugla og erni sumarsins og er þessi hefð greinilega komin til að vera. Alls voru 14 konur sem fengu 5 fugla eða fleiri yfir sumarið, flestir fuglarnir fengust í júní og það var 8. brautin sem gaf flesta fugla eða 66 talsins.

Þann 6. júní komu GKG konur á Urriðavöll og þann 16. júní fóru GO konur á Leirdalsvöll. GO konur náðu að sigra annað árið í röð og héldu því skildinum í húsi. Úrslit urðu á þá leið að GO konur fengu 711 punkta og GKG konur 691 punkt. Í júlí fóru svo fram vinkvennamótin milli GO og GK kvenna. Spilað var á Hvaleyrarvelli 19. júlí og á Urriðavelli 28. júlí. Ekki tókst GO konum að ná bikarnum í þetta skiptið og var baráttan mjög jöfn, GK konur voru með 699 punkta og GO konur með 697 punkta. Þetta hlýtur að hafast á næsta ári! Þátttaka í öllum þessum mótum var afburða góð, eða rúmlega eitt hundrað konur að meðaltali í hverju móti.

Hattar og Pils í arfavitlausu veðri

Hattar og Pils voru að venju í ágúst. Upphaflega átti að



halda það mót 10. ágúst, en sökum slæmrar veðurspár var því frestað til 16. ágúst. Mótið fór þá fram í arfavitlausu veðri, þrátt fyrir betri veðurspá. Konur létu það þó ekki á sig fá og mættu 70 konur í mótið og skemmtu sér vel á Ljúflingi. Bryddað var uppá nokkrum nýjungum, eins og að veita verðlaun fyrir lengsta upphafshögg með púttar á fyrstu braut. Veitingabíllinn og „Vippstöðin“ sáu svo um að halda konum við efnið og veita brjóstbirtu við hæfi. Að móti loknu komu konur saman inn í skála og snæddu kvöldverð og veittu viðurkenningum móttöku.

Björg krýnd fugladrottning

Lokamót GO kvenna var haldið 10. september. Brugðið var frá hefðbundnu leikfyrirkomulagi tveggja manna Texas Scramble. Meðal annars með því að slá með tennisspaða upphafshögg á 2. braut og á 14. braut þurfti að púttar með því að rúlla boltanum með hendinni í holuna. Þetta gerði mótið skemmtilegra og vafðist greinilega fyrir sumum. Veðrið spilaði nokkuð inn í þennan dag, en að lokum komu allir sáttir í skála og snæddu dýrindis kvöldverð.



Í HNOTSKURN:
Konur í GO: 496
Hlutfall í GO: 41%
Nýjar konur 2016: 28
Skráðir fuglar: 316
Skráðir ernir: 5
Hola í höggi: 1



Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Auður Skúladóttir og Sólveig Guðmundsdóttir í meistaramóti GO í sumar.

Veitt voru margvísleg verðlaun og dregið var úr skorkortum og fóru allir heim með einhvern glaðning. Að lokum var Björg Kristinsdóttir krýnd Fugladrottning sumarsins 2016.

Kvennastarfið innan golfklúbbsins Odds hefur verið mjög öflugt síðustu ár og árið 2016 var þar engin undantekning. Þátttaka GO kvenna hefur verið með afbrigðum góð og vonumst við til að svo verði áfram á komandi árum.

Hægt er að segja að kvennastarfið sé eitt öflugasta starfið innan GO, enda hefur konum í klúbbum fjölgað jafnt og þétt. Kvennanefndin hefur einnig haldið úti fésbókarsíðunni „Konur í Golfklúbbum Oddi“, þar sem dagskrá, fréttir og viðburðir á vegum kvennastarfsins eru settir inn og uppfærðir reglulega. Fésbókarsíðan er mikið notuð og þar eru nú skráðar 300 konur sem meðlimir.

Kvennanefndin vill hvetja þær konur í Oddi sem ekki eru meðlimir, að skrá sig þar inn. Einnig ef einhverjar konur í golfklúbbum sem ekki hafa fengið tölvupóst frá kvennanefndinni, láti vita af sér og netfangi sínu.

Kvennanefndin er mjög stolt af árangri kvennastarfsins og væntir þess að það styrkist ár frá ári. Það á án efa sinn þátt í að konunum í Golfklúbbum Oddi muni enn halda áfram að fjölga og þar með efla kvennastarfið enn frekar á komandi árum.

Þeim konum, sem starfað hafa í kvennanefndinni í ár, vil ég þakka frábært og vel unnið starf og vænti þess að árið 2017 verði skemmtilegt, árangursríkt og styrkist enn frekar, enda alltaf spennandi verkefni framundan.

*F.h. kvennanefndar Golfklúbbsins Odds
Inga Engilberts formaður
engilberts@simnet.is*

Ein kæra til aganefndar

Aganefnd þetta árið skipuðu Guðmundína Ragnarsdóttir, Þórður Ingason og Gunnar Viðar. Aganefnd kom saman einu sinni þetta árið vegna agabrots og lauk málinu með úrskurði nefndarinnar. Að öðru leyti var árið rólegt hjá aganefnd eins og svo oft áður.

*F.h. aganefndar,
Guðmundína Ragnarsóttir formaður.*





Vefsíða Golfklúbbsins Odds - oddur.is - er grunnstoð í félagsstarfi GO og hefur að geyma helstu upplýsingar um víðfemt starf klúbbsins. Síðunni er ekki síst ætlað að koma mikilvægum skilaboðum á leiðis til félagsmanna.

Heimsókir á síðunni jukust mikið á árinu samanborið við árið þar á undan. Fjöldi notenda jókst um tæp 60% á árinu og fjöldi innlita á síðuna jókst einnig töluvert.

Notkun á síðunni Oddur.is á starfsárinu 2016:

Innlit: 49.653
 Notendur: 19.025
 Flettingar: 128.735
 Meðaltími á oddur.is: 02.15 mín.
 *Frá 31. október 2015 - 31. október 2016

Innlit á oddur.is eftir kynjum:

Karlar: 54,15%
 Konur: 45,85%

Notkun á oddur.is eftir tækjum:

Tölvur: 64,9%
 Snjallsímar: 20,3%
 Spjaldtölvur: 14,8%



Facebook er mjög áhrifamikill og mikilvægur samskiptamiðill fyrir Golfklúbbinn Odd til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra kylfinga á Íslandi og víðar. Fjöldi þeirra sem „líkar“ síðuna hefur vaxið eftir því sem liðið hefur á árið. Í dag eru rúmlega 1100 fylgjendur og hefur þeim fjölgað um 20% á árinu 2016.

Tölfræði um Facebook Golfklúbbsins Odds:

Fylgjendur: 1130
 Karlar: 56%
 Konur 44%

Fréttabréf Golfklúbbsins Odds þjónar mikilvægum tilgangi við að koma öllum helstu upplýsingum hratt og örugglega til félagsmanna klúbbsins. Á meðan golfvertíð stendur, sendir klúbburinn u.þ.b. einn póst til félagsmanna á viku. Póstlistinn hefur vaxið á árinu og eru nær allir félagsmenn skráðir og fá þannig allar helstu fréttir frá klúbbum beint í pósthólfíð.

Hagnýtar upplýsingar um Fréttabréf GO

Fjöldi pósta 2016: 34 póstar
 Fjöldi á póstlista: 1.165
 Meðallestur: 43,2%
 Meðalsmellir: 6,7%

Lestartölfræði:

Póstur opnaður í tölvu: 48,4%
 Póstur opnaður í síma: 51,6%

“

Tjón af völdum svells og klaka sást vel á brautum þetta árið og sýnir okkur vel hversu mikilvæg þessi vinna er. Hún er tímafrek en árangurinn hvetur okkur áfram til að gera betur.

Árangur í svellbroti hvetur okkur áfram

- Pistill Tryggva Ölver Gunnarssonar, vallarstjóra Urriðavallar

Árið sem er brátt á enda var á margan hátt mjög gott ár fyrir okkur starfsmenn á Urriðavelli. Það sem stendur upp úr á þessu starfsári er klárlega Evrópumót kvenna. Það var gríðarlega gaman fyrir okkur starfsmenn Urriðavallar og mikill lærdómur að taka þátt í svona mót. Sérstaklega var áhugavert að fylgjast með uppsetningu mótsins og þeim áherslum sem fulltrúar EGA (Evrópska golfsambandsins) höfðu varðandi uppsetningu á vellinum.

Við hófum vinnu við það síðasta vetur að klára endurbætur á tjörnum við 2. og 5. flöt. Við þurftum frá að hverfa í þeirri vinnu vegna endalausrar vætu haustið 2015 og snérum okkur að lægfæringu á glompum við 3. og 9. flöt, vinnu við vatnskerfi og lagfæringu á nokkrum stígsendum.

Er veturinn gekk í garð hófst vinna við lagnaleið frá innkomu að skála og lagningu göngustígs milli skála og Ljúflings. Góður gangur var í þeirri vinnu þar til allt lagðist undir snjó í byrjun desember 2015. Farið var í lagnagerð um leið og veður leyfði sem lauk svo með malbikun um vorið. Nú er svo komið að búið er að leggja hitaveitu og ljósleiðara innansvæðis Urriðavallar og bíðum við enn eftir að verða tengd við nýtt hverfi sem er að rísa í Urriðaholti.

Svellbrot

Líkt og undanfarið ár hófst árið 2016 á svellbroti sem var með verra móti sl. vetur. Þetta var þó ekkert í líkingu við svellveturinn 2013/2014 en slæmt þó. Svellið tók upp í lok janúar en lagðist ný svellbrynja strax yfir og urðum við að hefjast handa við svellbrot í annað skipti um veturinn.

“

Nú er svo komið að búið er að leggja hitaveitu og ljósleiðara innansvæðis Urriðavallar og bíðum við enn eftir að verða tengd við nýtt hverfi sem er að rísa í Urriðaholti.

Það mátti sjá skemmdir í flötunum eftir svellbrotið um vorið en þegar upp var staðið var það lítill skaði samanborið við kaldauða undir svelli. Tjón af völdum svells og klaka sást vel í brautum þetta árið og sýnir vel hversu mikilvæg þessi vinna er. Hún er tímafrek en árangurinn hvetur okkur áfram til að gera betur og vonandi getum við brotið markvisst af brautum líka.

Vorið var nokkuð gott og milt en frost hljóp í jörðu um veturinn og tafði það fyrir að hægt væri að opna umferð um völlinn. Völlurinn var opnaður fyrir almenna umferð þann 7. maí en frost var áfram í jörðu tveimur vikum eftir opnun - þá sérstaklega á Ljúflingi. Í vor



Lagður var nýr stígur frá Ljúflingi að golfskála sl. vor. Jafnframt var lögð hitavatnslögn og ljósleiðari að skála og er nú beðið eftir tengingu við nýtt hverfi í Urriðaholti.

hófst vinna á frágangi við tjörnina á 5. braut og tókst sú framkvæmd vel. Vinna í lagfæringum á stígum hélt áfram ásamt viðhaldsverkefnum. Undirbúningur fyrir sumarið var í fullum gangi á vormánuðum og ekki síst að koma vellinum í gott ásigkomulag fyrir Evrópumót kvennalandsliða.

Evrópumót kvennalandsliða

Í byrjun sumars hófst vinna við völinn. Áhersla var lögð á að þetta kal og álagsskemdir eftir veturinn með sáningu og söndun. Völlurinn var kominn í gott ásigkomulag þegar kom að hátindi sumarsins - Evrópumót kvennalandsliða.

Vinna við Evrópumótið gekk mjög vel. Flatirnar voru sett upp á stimp 9,0 - 9,5 og tókst okkur að halda þeim hraða yfir mótið með því að krossslá flatirnar í 3,8 mm og valta, allt eftir þörfum uns markmiði var náð. Unnið var á kvöldin og nætur svo mætt aftur snemma morguns á meðan á mótinu stóð. Meistaramót GO hófst svo strax að móti loknu Evrópumóti og var dregið örlítið úr hraða flata sem fóru í 8,5-9,0 á stimp. Haustið kom með stanslausri rigningu og var vellin-

um lokað þann 27. október.

Vinna við vatnskerfi vallarsins hófst strax um haustið. Þjónustuvegurinn við 8. braut og í gegnum 9. braut var malbikaður og vinna við frágang hafinn. Stóra verkefni vetrarins fyrir utan sveffbrot verður vonandi bygging á 240 fermetra vélageymslu. Það er afar brýnt mál enda mikilvægt að hafa nægilega stóra byggingu undir vélaflota klúbbsins.

Við horfum jákvæðum og björtum árum til næsta sumars. Völlurinn er á góðum stað en ásigkomulag hans veltur að stórum hluta á hversu vel okkur tekst að takast á við sveffbrot. Verði veturinn okkur góður eru allar forsendur fyrir góðu golfsumri á næsta ári.

**Golfkveðja,
Tryggvi Ölver Gunnarsson
vallarstjóri á Urriðavelli**



Góður árangur hefur náðst við að sveffbrotta á Urriðavelli yfir vetrattímann. Snjór er ruddur af flötum vallarins til að tryggja að sveflmyndun þar verði minni en elli.



Evrópumót kvennalandsliða á Urriðavelli





Skýrsla mótanefndar GO 2016



*Valdimar Júlíusson, formaður
mótanefndar GO*

Fjöldi mótadaga á Urriðavelli:

Opin mót - 9 dagar

Innanfélagsmót - 13 dagar

Boðsmót - 14 dagar

Evrópumót kvennalandslíða - 7 dagar

Kæru félagar. Árið 2015 fer nú að renna sitt skeið og gott að líta til baka með mótamál klúbbsins í huga. All oft er maður spurður (eða skammaður): Hvers vegna ertu með svona mikið af mótum? Völlurinn er alltaf lokaður vegna móta. Hvers vegna gerir þú okkur þetta? Vildi ég að vald formanns mótanefndar væri slíkt að hann réði þessu alfarið en svo er víst ekki. Ég skil öll sjónarmið sem þið félagar mínir hafið tjáð ykkur um þessi mál. Það er gott að fá ykkar sýn og ykkar skoðanir því þið eigið að vera mótandi um þessi mál okkar sem önnur. Með þessum orðum hóf ég skýrslu mótanefndar 2015.

Eftir aðalfund 2015 þar sem umræður um mótamál fyrir árið 2016 voru rædd og þá sérstaklega Evrópumót kvennalandslíða fór ég yfir mótamál klúbbsins og skoðaði þau frá mörgum hliðum.

Hugmyndir sem komu frá stjórn klúbbsins að skera meistaramótið okkar niður um 1 – 2 daga fannst mörgum of mikið og reyndi ég eftir fremsta megni að finna leið til að finna meistaramótinu okkar þann farveg sem það á skilið. Ég bað um að ekkert yrði sett niður fyrr enn ég kynnti þessar hugmyndir.

Hugmynd mína setti ég á blað og fannst ég hafa fundið lausn þannig að mótið yrði í 3 og 4 daga eftir því í hvaða flokki er leikið. Völlurinn var lokaður fyrir almennt spil í hart nær 2 vikur fyrir meistaramótið sem sett var á daginn eftir lokadag Evrópumótsins.

Klúbbfélagar og þeir kylfingar sem taka alltaf þátt í meistaramótinu gátu sem sagt ekki æft sig eða leikið völinn í 2 vikur. Mér fannst þetta ekki gott og hugmynd mín var þessi. Meistaramótið myndi hefjast á fimmtudegi og þeir flokkar sem leika 3 daga mundu byrja þá og ljúka á laugardegi. Frá sunnudegi til fimmtudags gætu allir leikið völinn og þeir kylfingar sem keppa í meistaramótinu fengju smá fíling fyrir vellinum sínum.





Völlurinn myndi alltaf opna um miðjan dag fyrir aðra frá sunnudegi – laugardags. Þeir flokkar sem leika 4 daga myndu svo hefja leik á miðvikudegi vikunni eftir og léku til laugardags eins og reiknað er með í reglugerð klúbbsins. Allir fengu sitt. Keppendur og leikendur.

Ég var svo glaður því ég sá í hendi mér algjörlega frábæra hugmynd sem allir gætu sætt sig við. Það má jafnvel hugsa þessa útfærslu þannig að 2017 yrði próf- að að skipta mótinu svona upp. Er ég lagði hugmynd mína á borð þá var búið að setja mót á suma þessa daga þótt ég hafi beðið um smá tíma til að koma með hugmyndir. Ég skil auðvitað að við þurfum að leigja völlinn út því mér skilst að félagsgjöldin dekki ekki nema 60-70% af rekstrarkostnaði GO. Með öðrum orðum: Klúbbfélagar hafa í raun ekki greitt fyrir afnot á vellinum nema 60-70% það þýðir að við verðum að leigja hann öðrum 30-40% af opnunartíma hans.

Ef við setjum þetta upp svona: Árið 2016 var völlurinn opin frá 7. maí – 27. október. Nærri því 6 mánuði. Mér reiknast svo að það þurfi að leigja völlinn í 30-35 daga til að ná saman endum. Vil skulum skoða mótaskrána árið 2016. Nú ætla ég að taka það fram að ég lít ekki á innanfélagsmót sem útleigu heldur félagsstarf. Einnig er vert að útskýra það að í mótaskránni eru skráð mót sem eru í raun ekki mót heldur hópar sem biðja okkur að skrá fyrir sig skorið því þeir eru að keppa á mörgum völlum. Oftast eru þetta 4-8 rás- hópar 40 mín – 100 mín. Ég tel það heldur ekki sem mót. Það væri sanngjarnt að segja að þessir hópar allir samanlagt séu með einn dag í það heila.

Svo er gaman að minnast á það að mörg okkar sem erum í klúbbnum tilheyrum svona hópum og finnst ekkert annað enn sjálfsagt að klúbburinn geri svona fyrir sig. Lítum þá á árið 2016.

Opin mót – 9 dagar – Boðsmót (völlur leigður) - 14 dagar - Evrópumót kvennalandsliða – 7 dagar. Önnur mót á skránni eru innanfélagsmót og litlir hópar. Það er því ljóst að við erum á hverju ári í erfiðri stöðu vegna þessa. Við verðum að fá tekjur af mótum annars náum við ekki endum saman. Ef við viljum fækka útleigudögum en halda okkar standard þá er bara eitt í stöðunni: Að hækka félagsgjaldið verulega. Viljum við það?

Helstu mót innan klúbbsins eru: Opnunarmótið, 17. júnígleðin, Powerademótaröðin, Meistaramótið, Holukeppnin og Bændaglíman.

Alls urðu innanfélagsmótsdagar á vegum mótanefndar 13 talsins. Af þessum 13 dögum tók Meistaramótið nú 6 daga og Powerademótaröðin 5 daga. Ég lít á innanfélagsmótin sem skapandi vettvang fyrir klúbbmeðlimi til að hittast í leik og keppni. Powerademótaröðin er næst stærst á eftir meistaramótinu.

Í ár varð breyting sem tókst að mér finnst nokkuð vel. Mótin voru fimm og með 4 afbrigðum golfsins. Í tveimur mótum var leikin hefðbundin punktakeppni, í einu móti texas scramble, í einu betri bolti og að lokum eitt mót foursome. Allar nánari upplýsingar um úrslit powerade mótaráðarinnar er að finna á heimasíðu OG

Klúbbmeistarar Odds 2016 eru: Rögnvaldur Magnússon og Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Holumeistari Odds 2016 er: Auður Skúladóttir.

Ég vil að lokum þakka öllum sem komu að mótahaldi í sumar og gáfu af tíma sínum með gleði.

Ekki vil ég fara í nafnagleymsku. Því segi ég að lokum takk öll, þið vitið hver þið eruð og þið megið alveg gefa ykkur gott klapp á öxlina.

Gangi ykkur öllum vel í golfleik og keppni á næsta ári.

Með golfkveðju.

Valdimar Júlíusson

formaður mótanefndar.



Heil vika fór í mótahald undir EM kvenna.





Vel heppnað Evrópumót á Urriðavelli

Golfklúbburinn fær mjög jákvæða umsögn fyrir framkvæmd Evrópumóts kvennalandsliða í sumar - Englendingar fögnuðu sigri

Evrópska golfsambandið (EGA) tók þá ákvörðun á haustmánuðum 2014 að Evrópumót kvennalandsliða í golfi skyldi fara fram á Íslandi árið 2016. Ákveðið var að velja Urriðavöll sem keppnisstað en nokkru áður höfðu fulltrúar EGA tekið út aðstæður hjá Golfklúbbnum Oddi þegar B-deild karla fór fram á Hvaleyrarvelli árið 2012. Ákvörðun EGA að halda stórt alþjóðlegt golfmót á Íslandi er mikill heiður fyrir golf á Íslandi og ekki síst fyrir Golfklúbbinn Odd; að fá tækifæri til að halda alþjóðlegt golfmót af þessari stærðargráðu. 20 þjóðir tóku þátt í mótinu og voru margir af bestu áhugakylfingum Evrópu á meðal keppenda.

Undirbúningur fyrir Evrópumótið hófst haustið 2014 og jókst undirbúningur eftir því sem nær dró móti. Undirbúningurinn var margvíslegur en opnuð var sérstök vefsíða fyrir mótið auk þess sem að gefið var út mótsblað, og útbúin stór skortafila sem komið var fyrir á húsgafli klúbbhússins á Urriðavelli. Einnig fór fram almennur undirbúningur á Urriðavelli og mikil vinna lögð í það að hafa völlinn í eins góðu ásigkomulagi og hægt er fyrir þetta stórmót.

GO fær mjög jákvæða umsögn

Óhætt er að segja að mótið hafi tekist vel. Í skýrslu frá fulltrúa EGA sem stýrði mótinu fær Golfklúbburinn Oddur mjög jákvæða umsögn fyrir framkvæmd mótsins. Veður var með miklum ágætum á meðan á mótinu stóð. Golfklúbburinn Oddur fékk mikið hrós fyrir góða umgjörð í kringum mótið og fyrir faglega frammistöðu við framkvæmd þess.

Í umsögn um mótið fékk Golfklúbburinn Oddur

einnig mikið hrós fyrir fjölda þeirra sjálfbóðaliða sem tóku þátt í því að gera veg mótsins sem mestan. Yfir 80 sjálfbóðaliðar tóku þátt í mótinu og gengu í ýmis verkefni; s.s. skorskráningu, forvörslu og önnur verkefni. Samkvæmt tölfræði frá verkefnastjóra sjálfbóðaliða þá kom í ljós að sjálfbóðaliðar stóðu vaktina í 2.366 klukkustundir eða í 388 tíma á dag. Vinna sjálfbóðaliða á meðan mótinu stóð var ómentanleg og höfðu keppendur orð á því að móti loknu að það hefði komið þeim á óvart hversu mikinn metnað Íslendingar settu í mótið og að fjöldi sjálfbóðaliða hefði sett skemmtilegan blæ á mótið.

Mótið stóð í sjö daga, þar af voru fimm keppnisdagar. England fagnaði sigri í mótinu eftir sigur á Spáni í úrslitaleik. Fram komu í sigurræðu enska liðsins að gæði golfvallarsins hefðu komið þeim á óvart og hversu mikil upplifun það hafi verið að koma til Íslands til að taka þátt í þessu móti.



Yfir 80 sjálfbóðaliðar tóku þátt í Evrópumótinu og sinntu fjölmörgum verkefnum.

“

Sjálfbóðaliðar stóðu vaktina í 2.366 klukkustundir eða 388 tíma á dag. Vinna sjálfbóðaliða á meðan mótinu stóð var ómetanleg og höfðu keppendur orð á því að móti loknu að það hefði komið þeim á óvart hversu mikinn metnað Íslendingar settu í mótið

Evrópumót kvennalandsliða á Urriðavelli 2016 mun vafalaust hafa mjög jákvæð áhrif á íslenskt golf. Í umsögn EGA um mótið kemur enn fremur fram að Ísland sé góður vettvangur fyrir mót af þessari stærðargráðu og búast má við að fleiri alþjóðleg golfmót fari fram á Íslandi á næstu árum. Evrópumótið sem fram fór á Urriðavelli var golfhreyfingunni á Íslandi og íslenskri þjóð til mikils sóma. Jafnframt má gera ráð fyrir að aukning verði í fjölda erlendra kylfinga sem heimsækir Ísland og Urriðavöll í kjölfarið á þessu stóra móti.




Guðrún Brá Björgvinsdóttir lék best í íslenska liðinu sem hafnaði í 16. sæti í mótinu.




Norrsku landsliðskonurnar brosmildar á Urriðavelli. Norska liðið hafnaði í 7. sæti.

Tölfræði Golfklúbbsins Odds 2016


Skipting félaga eftir búsetu 2016




Kynjaskipting 2016



Bókaðir hringir eftir mánuðum 2016



Skipting félaga eftir aldri 2016



Fjöldi bókaðra hringja á Urriðavelli: 23.506
 Vinsælasti rástíminn: 10:00
 Heimsóknir erlendra kylfinga 2015: 169

Forgjafarþróun í Golfklúbbum Odds 2016

Meðalforgjöf 2015: 26,85
 Meðalforgjöf 2016: 28,11*
 Meðalforgjafarhækkun félaga GO 2016:
 1,26 í hækkun

*Eftir breytingar á forgjafarreglum hækkaði byrjendaforgjöf upp í 54.

Mest lækkun kylfinga í GO 2016:

Nafn - Forgjöf frá - Forgjöf til - Mismunur

1. Finnur Freyr Stefánsson 36,0 - 24,4 - 11,5
2. Ingólfur R. Ingólfsson 36,0 - 25,2 - 10,8
3. Páll Gústaf Arnar 36,0 - 25,2 - 10,8
4. Stefán Hrafn Sigfússon 34,2 - 24,6 - 9,6
5. Ásgeir Eyjólfsson 34,8 - 25,5 - 9,3

Leikhraði á Urriðavelli

9 holu hringur:

Hraðasti hringur: 01:08 klst.

Hægasti hringur: 02:32 klst.

Meðalhraði: 01:59 klst.

18 holu hringur:

Hraðasti hringur: 02:42 klst.

Hægasti hringur: 04:54 klst

Meðalhraði: 04:03 klst

Leiknir forgjafarhringir hjá félögum GO:

940 félagar GO léku forgjafarhring á árinu 2016

348 léku ekki forgjafarhring á árinu 2016

Félagafjöldi:

Fjöldi félaga í GO: 1211

Fjöldi karla: 715

Fjöldi kvenna: 496

Ljúflingsaðild: 112

Nýir félagar 2016: 129



Skýrsla afreksnefndar GO

- Pistill Svavars Geirs Svavarssonar, formanns afreksnefndar GO

Við höfum haft það að markmiði undanfarin ár að skapa viðunandi æfingaumhverfi fyrir unglíngana okkar og þá sem koma að æfingum og keppni á eldri stigum í golfklúbbum Oddi. Þar höfum við síðustu ár notið góðs af góðri inniaðstöðu, þar sem auðvelt var að skipuleggja og vinna að því að halda í æfingahópna og mynda stærri kjarna í okkar íþróttastarfi.

Æfingastarfið 2016 hófst þó ekki þetta keppnisárið í okkar gömlu góðu inniaðstöðu í Kaupþúni heldur stóð leitinn að nýju húsnæði enn yfir þegar við tókum fyrstu skrefin inn í nýtt ár og var brugðið á það ráð að koma krökkunum saman á æfingu og við frekar óvenjulegar aðstæður þar sem við fengum inni hjá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar. Hugsunin var ekki að koma krökkunum í nýtt sport heldur meira að koma öllum saman og hafa gaman.

Það verður þó að segjast að söknuður var nokkur af þeirri góðu aðstöðu sem við höfðum skapað og var á tímabili jafnvel sú besta þó hún hafi ekki verið flottust. Það var svo undir lok janúarmánaðar sem rættist úr húsnæðismálum og við fengum inni í næsta nágrenni við Kaupþúnið og þar með var hægt að koma öllum af stað á æfingar og halda inn í árið 2016.

Framtíðin björt hjá Magnúsi Skúla

Til að stikla á stóru á keppnisárinu 2016 þá var árangurinn bara nokkuð góður. Við sendum tvær sveitir á Íslandsmót golfkúbba unglínga, margir af okkar yngstu iðkendum sem eru að stíga sín fyrstu skref gafst tækifæri á að spreyta sig í keppni í nýju móti (PGA

Juniors) sem haldið var í sumar á nokkrum völlum af PGA kennarasambandinu og var það kærkomin og þörf viðbót. Magnús Skúli Magnússon var okkar aðalfulltrúi á mótariðum GSÍ í sumar þar sem hann keppti á Áskorendamótarið Íslandsbanka og sýndi að hann verður flottur fulltrúi á komandi árum.

Af okkar eldri sveitum er fyrst að nefna að eldri sveit karla keppti í efstu deild og hafði það að markmiði að gera betur en árið áður þar sem liðið varð í 3. sæti. Eldri konur kepptu í annarri deild og vildu koma sér upp í þá fyrstu. Karlalið okkar fór og keppti í neðstu deild og þar var markmiðið að koma sér upp um deild. Kvennalið okkar náði eiginlega markmiði sínu strax, um að koma sér upp um deild þar sem liðið var að venju fært upp um deild fyrir mótið, vegna þess að annað lið boðaði forföll og fékk það verkefni að spila við sterkar sveitir í 1. deild kvenna. Árangur allra var alveg til fyrirmyndar og hægt að sjá hverjir voru full-



Svavar Geir Svavarsson, formaður afreksnefndar GO.



Magnús Skúli Magnússon stóð sig mjög vel í sumar á Áskorendamótaröð GSÍ.

trúar okkar og hvernig gekk hér í samantekt neðar og viljum við þakka þeim sem komu að starfinu á einn eða annan hátt.

Karlasveitin fór upp en konurnar niður

Íslandsmót golfkúbba sem var nýtt nafn mótsins sem áður hér sveitakeppni var með örlítið breyttu sniði þetta árið hvað varðaði tímasetningu og fór keppni í karlaflokki og kvennaflokki fram í júní. Karlasveitin okkar lék í Stykkishólmi og leikir sveitarinnar voru mjög spennandi. Niðurstaðan úr leikjunum var góð og liðið endaði í öðru sæti og vann sig þar með upp í 3. deild og nú er stefnan tekinn að færast upp um deild að ári. Sveitin var skipuð þeim, Ottó Axel Bjartmarz, Rögnvaldi Magnússyni, Skúla Ágústi Arnarsyni og Magnúsi Birgissyni sem spiluðu leikina alla. Þeim til stuðnings og biðu eftir kallinu meðan þeir æfðu grimmt á Lærlingi voru þeir Haukur Örn Birgisson og Svavar Geir Svavarsson.

Kvennalið Odds lék þetta árið í efstu deild kvenna á ný eins og áður sagði vegna forfalla og var það vissulega skemmtilegt verkefni en erfitt. Liðið átti í hörkukeppni við erfiða andstæðinga og stóð sig með þryði en hafnaði að lokum í neðsta sæti og leikur því í 2. deild að ári og þar verður markmiðið að sjálfsgöðu

sett á að koma sér upp á eigin verðleikum og sýna að liðið sé verðugur fulltrúi á stóra sviðinu. Lið GO kvenna skipuðu þær: Andrea Ásgrímsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Auður Skúladóttir, Ólöf Agnes Arnardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Elín Hrönn Ólafsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Etna Sigurðardóttir og Liðsstjóri var Kristjana S. Þorsteinsdóttir.

Gull og silfur

Keppni í eldri flokkum og hjá unglingum fór fram í ágúst að venju. Öldungalið karla lék í Grindavík og góður hugur var í mönnum að fylgja eftir frábærum árangri frá síðasta ári. Sveit GO var vissulega á tán-um og kom sér í úrslitaleik gegn sterku liði GR og niðurstaðan varð að endingu annað sætið, sem er frábær árangur. Sveit GO skipuðu þeir Bragi Þorsteinn Bragason, Guðjón Steinarsson, Gunnlaugur Magnússon, Hafsteinn E. Hafsteinsson, Magnús Birgisson, Magnús Ólafsson, Vignir Sigurðsson, Þór Geirsson og Ægir Vopni Ármannsson. Við minnum á orð Magnúsar Birgissonar liðsstjóra GO eftir mótið 2015 að ljóst væri að kjarni sveitarinnar væri orðinn mjög góður og frábær stemming í hópnum og stefnt yrði á sigur á næsta ári sem tókst næstum því og ef við horfum til þess að 3. sætið var niðurstaðan 2015, 2. sætið 2016 þá erum við fullviss um að markmið fyrir 2017 er að sjálfsgöðu 1. sæti.

Öldungalið kvenna átti frábært mót og endaði sem sigurvegari í 2. deild kvenna. Keppt var í Öndverðanesi og var lokaleikur liðsins við lið Selfoss þar sem okkar konur sigruðu 2-1 og urðu þar með meistarar í 2. deild. Liðið skipuðu þær Aldís Björg Arnardóttir, Ágústa Arna Grétarsdóttir, Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir, Anna María Sigurðardóttir og Hulda Hallgrímsdóttir sem einnig var liðsstjóri.



Margir efnilegir kylfingar taka sín fyrstu skref á golfnámskeiði golfklúbbanna. Hér má sjá kylfinga framtíðarinnar á Ljúlfini í sumar.



Sveit GO í keppni 15 ára og yngri drengja. F.v. Magnús Skúli Magnússon, Ívar Andri Hannesson og Egill Úlfarsson, Axel Óli Sigurjónsson.

Í keppni 15 ára og yngri drengja var keppt á Flúðum. Alls tóku 20 sveitir þátt þetta árið og var keppni jöfn og spennandi eins og alltaf. Eftir fyrsta dag þar sem keppt var í högggleik var okkar lið í 10. sæti. Þá tók við riðlakeppni. Liðið lék við lið GHD, GKG-B og GL og líkt og á síðasta ári sigruðu okkar drengir í fyrsta leik nú gegn liði GHD, í annari umferð biðu þeir 2-1 ósigur gegn GL og svo töpuðu þeir síðasta leik í riðlinum við GKG. Liðið endaði að lokum í 14. sæti eftir leik við lið GM-B um 13. sætið. Liðið skipuðu þeir Egill Úlfarsson, Ívar Andri Hannesson, Magnús Skúli Magnússon og Axel Óli Sigurjónsson. Liðsstjóri var Phill Hunter.

Í keppni 18 ára og yngri var keppt á Hellu. Ellefu lið voru með í keppninni og að loknum högggleik var ljóst að okkar lið var í þriggja liða riðli, fyrsti leikur var við lið GL og sigraði GO þann leik 2-1. Næsti leikur og þá lokaleikur mótsins hjá okkar liði var gegn GK-B sem tapaðist naumlega 2-1. Liðin enduðu að lokum öll með jafn mörg stig í 9-11. sæti. Liðið skipuðu þau, Róbert Atli Svavarsson, Brynjar Örn Grétarsson, Jón Otti Sigurjónsson og Ólöf Agnes Arnardóttir. Það er frekar óvenjulegt að stúlkur keppi með drengjunum í þessum aldursflokki en okkar drengir voru glaðir að Ólöf skildi gera þeim kleift að senda sterka sveit til keppni og sýnir það kannski góða samstöðu hópsins í gegnum árin. Liðsstjóri var Rögnvaldur Magnússon.

Brýnt að leysta aðstöðumál til framtíðar

Ég fjallaði stuttlega í upphafi pistils um aðstöðuna okkar eða frekar aðstöðuleysi sem er því miður staðreynd sem heftir íþróttastarf GO nokkuð og er það raunin enn á ný fyrir komandi tímabil. Við erum að

vísu aðeins betri stöðu þetta árið, komin er aðstaða og þó hún sé nokkuð góð er hún ekki okkar og við höfum lítið sem ekkert svigrúm til að sinna vel okkar starfi eins og undanfarin ár.

Við erum í dag upp á nágranna okkar komnir og fáum aðstöðu hjá GKG í Kórnum í Kópavogi, 5 klukkustundir í viku sem þarf að skipta bróðurlega milli allra okkar iðkenda. Við gerum að sjálfsgöðu gott úr þessu og bjóðum okkar kylfingum áfram góða kennslu sem er í höndum MP Golf en en viljum við hafa þetta svona? Eigum við ekki að hafa viðunandi aðstöðu undir íþrótt- og félagsstarf, helst á heimavelli og a.m.k. aðstöðu sem við getum kallað okkar.

Ég tel að það sé brýn þörf á því að fara vel yfir þessi mál til framtíðar og sækja um jöfnuð innan okkar bæjarfélags svo við getum boðið okkar íþróttafólki núverandi og verðandi góða aðstöðu.

Með von um bætt og betra starf á komandi ári, Svavar Geir Svavarsson, formaður afreksnefndar GO

*Með von um bætt og betra starf á komandi ári,
Svavar Geir Svavarsson,
formaður afreksnefndar GO*



BORGUN



SAMSUNG
samskip